

Viðmiðunartölur launa- og verkgreiðslna vegna umsókna til Leiklistarráðs 2017

Athugið að í þessum viðmiðunartölum er gengið út frá því að um heilskvöldssýningu fyrir fullorðna sé að ræða. Við sýningar sem eru minni að umgangi er hægt að nota þennan grunn sem útgangspunkt.

Lögð er áhersla á að miðað sé við listamannalaun sem lágmarksgreiðsla en þau eru **370.656 á mán. í verktakagreiðslu. (jan 2017)**

Við útreikning á verktakaálagi þá er það +35%

Ef laun eru lægri en listamannalaun verður að fylgja með útskýring eða skriflegir samningar við listamenn til staðfestingar á að viðkomandi samþykki lægri laun.

Varðandi vinnu annara en listamanna er mikilvægt að reiknað sé með markaðslaunum eins og þau eru á hverjum tíma. T.d. kostar smiður að lágmarki **8000.-** kr. á tímann en EKKI **1500.-** kr.

Leikarar, söngvarar og listdansarar 2017

Fyrir vinnu framlag þessara listamanna skal miða við að lágmarki listamannalaun. Byrjunarlaun leikara á mánuði við atvinnuleikhúsin (MAK, LR/Borgarleikhús) frá og með 1. ágúst 2017 eru kr.450.145 (kr.607.696) Launatala verktaka innan sviga.

Til viðbótar mánaðarkaupi er greitt fyrir hverja sýningu kr. 6.479 (8.747)
Leikari er ráðinn í það minnsta í 4 mánuði.

Ef miðað er við launatölu 1. ágúst 2017 eru ein mánaðarlaun í leikhúsinu sambærileg við 1,62 mán listamannalaun.

Ætti það að vera útgangspunktur þar sem það eru laun sem samningsaðilar leikara hafa komið sér saman um í kjarasamningi að séu lágmarksalaun fyrir leikara. Hægt er að finna út hlutfall af heildarlaunum ef æfingatímabil er styttra en 2 mánuðir (8 vikur.)

Sýningarlaun pr. sýn. er að lágmarki kr. **35.000 (tala frá 2016)** fyrir sýningu í fullri lengd.

*Mánaðarlaun leikara eru miðuð við gildandi samninga við Leikfélag Reykjavíkur og Menningarfélagið Hof á Akureyri (LA)
Kjarasamningar áður nefndra aðila hækka um 3% 1. Feb 2018.

Laun leikara við Þjóðleikhúsið eru nú kr, 406.688 (549.029) en úrskurður kjaradóms er runninn út og viðræður aðila eru að hefjast um nýjan kjarasamning.

Leikskáld:

Fyrir **frumflutning** leikrits (leikverks) í fullri lengd greiðast **2.343.191.-** í launþegalaun / **3.163.307.-** í verktakalaun. (ef um fyrsta verk höfundar þá: 2.161.358.-/ 2.917.833.-) Einnig er hægt að miða við 8-12 mánaða listamannalaun

Fyrir afnotarétt þýðinga:

Venjulegt heilskvölds leikrit kr. 300.000.

Leikrit sem krefst meiri vinnu af þýðanda vegna málfars stíls eða lengdar kr. 450.000.-

Leikrit í bundnu máli kr. 600.000.-

Leikhúsið skal í öllum tilfellum greiða full höfundarlaun fyrir leikgerðir. Það telst vera leikgerð ef annarri tegund bókmenntaverka er breytt í leikrit. Höfundagreiðsla skiptist milli frumhöfundar og leikgerðarhöfundar samkvæmt hlutfalli sem samið er um sérstaklega. Hafi réttur frumhöfundar fallið úr gildi, rennur hlutfall hans af höfundarlaununum til Leikskáldafélags Íslands. Höfundur leikgerðar skal þó aldrei fá minna en sem nemur 50% af lágmarkshöfundagreiðslu.

Uppsetningaréttur á erlendum verkum er c.a. 250.000 - 500.000 kr.

ATH. Uppsetningarréttur á þekktum söngleikjum getur numið allt frá 700.000 – 1.000000.

Leikstjóri:

Lágmarksalaun leikstjóra á mánuði eru **724.000** verktakalaun (536.180.- launþegalaun). Miðað er við lágsta launþrep leikstjóra við Þjóðleikhúsið. Eðlilegt er að miða við 4 mánaða lágmarksráðningartíma miðað við hefðbundið æfingaferli en tímalengd ræðst af eðli og umfangi verkefnis. FLÍ leggur áherslu á að ekki sé gefin afsláttur af tímalengd eða launatölu í fjárhagsáætlunum. Ef miðað er við listamanna laun skal fjöldi mánaða sem sótt er um taka mið af þessum tölum og umfangi uppsetningar.

Búið er að gera nýjan kjarasamning við Þjóðleikhúsið og er hægt að nálgast hann á www.leikstjorar.is

Leikmynd og búningahönnuðir - 2017

Lágmarkslaun: kr. **2.351.250** launþegalaun / kr. **3.174.188** í verktakalaun eða 8,56 mánuðir í listamannalaun að lágmarki.

Ef tveir aðilar eru ráðnir þ.e. leikmyndahöf. og búningahöf. eru launin fyrir hvorn aðila launþega kr. **1.881.000/** kr. **2.593.350** fyrir verktaka eða 7 mánuðir í listamannalaun á hvorn höfund.

Tölurnar eru úr samningum FÍL við LR/Borgarleikhús og LA/MAK og hækka um 3% þann 1. Febrúar 2018

Ljósahönnuðir

Hægt er að miða við laun búningahönnuða eða 3-4 mánuði í listamannalaun.

Dansarar og Danshöfundar

Dansverk

Launaupphæð dansara er sú sama og sett er upp fyrir leikara

Launaupphæð danshöfunda er sú sama og sett er fram fyrir leikstjóra

Danshöfundar - tímalengt verka og tilheyrandi fjöldi mánaðalauna:

Verk 20 - 40 mín. = 4 mánuðir

Verk 40 - 60 mín. = 5 mánuðir

Verk 60 - 80 mín. = 6 mánuðir

(ein vika á gólfi þýðir ein vika í undirbúningi).

Dansarar - tímalengt verka og tilheyrandi fjöldi mánaðalauna:

Verk 20 - 40 mín. = 2 mánuðir

Verk 40 - 60 mín. = 3 mánuðir

Verk 60 - 80 mín. = 4 mánuðir

Útskýringar vegna tengingar milli mánaða og tímalengdar dansverka:

- Frumsamin verk taka lengri tím í æfingu en verk sem unnin eru eftir handriti sem samið hefur verið áður en æfingaferli hefst.
- Dansverk eru öll frumsamin auk þess sem þau eru samin í samneyti höfundar við dansara. Það er hefðbundið vinnulag í listdansinum í dag og þá skiptir engu hvort verkið sé kallað “Devised Verk” eða ekki. Verkin eru öll “devised” í eðli sínu.
- Gera þarf því ráð fyrir tilraunátíma sem ekki lendar í verkinu þar sem danshöfundur annarsvegar undirbýr verkefnið í samvinnu við listrænt teymi verkefnisins (s.br. tími leikstjóra). Hinsvegar þar að gera ráð fyrir tíma þar sem sköpun efniviðsins fer fram í samneyti danshöfundar með dönsurum sínum (s.br. tími leikskálds en hér er handritið búið til). Í ofanálág þarf að æfa verkið og gera það tilbúið til sýningar (s.br. tíi leikstjóra og leikara - hefðbundinn æfingatími verks).
- Stofntími í vinnu frumsamings dansverks er ávalt svipaður og því fer heildar vinnutími aldrei undir 2 mánuði hjá dönsurum og 4 mánuði hjá danshöfundum.